

herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi 6. október f. á., hefi jeg af fje því, sem til er tekið **14**
í 15. gr. fjárlaganna 19. október f. á., veitt amtsbókasafninu í Stykkishólmi 200 króna ^{4. febr.}
styrk, og mun fje þessu verða ávísað úr jarðabókarsjóði eptir nánari ósk herra amt-
mannsins.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um* **15**
aukakosningu til alþingis. — Með því að sýslumaðurinn í Strandasýslu ^{5. febr.}
hefir tilkynnt hingað, að alþingismaður sýslu þessarar, Torfi Einarsson, hafi andazt 21. desbr.
f. á., eruð þjer, herra amtmaður, hjer með þjónustusamlega beðnir að láta fram fara auka-
kosningu í nefndu kjördæmi, til þess að kjósa alþingismann í stað hins látna, fyrir það
sem eptir er af kjörtímanum, er nú stendur yfir.

— *Brjef landshöfðingja til landlæknis Dr. J. Hjaltalins um styrk til að gefa* **16**
út ritgjörð „um notkun manneldis í harðærum“, til útbýtingar ^{11. febr.}
gefnis. Þjer hafið, herra landlæknir, í þóknanlegu brjefi 8. þ. m. skýrt mjer frá, að
þjer hafið nýsamið ritgjörð „um notkun manneldis í harðærum“, er þjer ætlið vel til fallið að
útbýtt yrði ókeypis meðal allra hreppsnefnda í landinu, og í annan stað meðal almennings
í þeim hreppum, er hallæri hefir vofað yfir hin síðari árin sakir fiskileysis, og hafið því
farið þess á leit, að keypt yrðu fyrir landsfje til slíkrar útbýtingar 350 expl. af tjeðu riti,
fyrir 25 aura hvert expl. hept, en bókhöðuverð eigi að verða 30 aurar.

Jeg hefi nú veitt það, að verja megi í þessu skyni af fje því, sem til er tekið í
15. gr. fjárlaganna, 87 kr. 50 aurum.

Jafnframt og jeg tilkynni yður þetta, herra landlæknir, til þóknanlegrar leiðbein-
ingar, læt jeg því við bætt, að fje þessu mun verða ávísað yður undir eins og þjer sendið
mjer áminnt 350 expl.

— *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um sjerstaka verðlagsskrá* **17**
fyrir Rangárvallasýslu. — Hjalögð beiðni frá oddvita sýslunefndarinnar í ^{13. febr.}
Rangárvallasýslu um, að sýsla þessi fái eptirleiðis að hafa verðlagsskrá út af fyrir sig,
sendist hjer með stiptyfirvöldunum til úrslita samkvæmt konungsúrskurði 16. júlí 1817*).

— *Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtsráðsins í suðuramtinu um úrskurðar-* **18**
vald sýslunefndar. — Hreppsnefnd ein kærði fyrir landshöfðingja, að hlutaðeig- ^{13. febr.}
andi sýslunefnd hefði lagt úrskurð á ágreining um skyldu manns til að greiða sveitarút-
svar, — sem eptir eðli sínu liggur undir úrslit dómstólanna, — þar sem sýslunefndum er í
19. gr. sveitarstjórnarlaganna 4. maí 1872 að eins veitt vald til að breyta niðurbjörðun
hreppsnefndarinnar, og vísaði landshöfðingi með þjefi þessu kærunni til amtsráðsins,
samkvæmt 52. gr. í sveitarstjórnarlögunum.

— *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um kvennaskólann í Reykja-* **19**
vík. — Í heiðruðu brjefi, dagsettu í gær, hefi jeg meðtekið þóknanleg ummæli stipty- ^{23. febr.}
firvaldanna um kvennaskólann í Reykjavík og tillögur um, hvernig hafa eigi eptirlit með
skólanum af hálfu hins opinbera, meðan hann nýtur styrks úr landssjóði, og læt jeg yður

*) Stiptyfirvöldin veittu þæn þessa, sbr. nr. 20. hjer á eptir.